

# Úttekt á verkferlum Barnaverndar í tengslum við ákærumál starfsmanns hjá Reykjavíkurborg um kynferðisbrot gagnvart börnum.

## Innri endurskoðun

14.03.2018

### Meginþættir

- Ráðningarferli
- Rannsókn á tilkynningu
- Helstu Niðurstöður
- Barnaverndarstofa



---

*Innri endurskoðun leitast við að meta og lagfæra þá áhættuþætti sem geta valdið tjóni eða skert möguleika fyrirtækis eða stofnunar við að ná settum markmiðum.*

---

Innri endurskoðun hóf úttekt þann 12. febrúar 2018 á verkferlum hjá Barnavernd vegna ætlaðra tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur árin 2002 og 2008 vegna starfsmanns skammtímaheimilisins Hraunbergi.

Umfang úttektar fólst í því að fara yfir verkferla, lög og reglur við tilkynningar og ábendingar sem berast til Barnaverndar. Sérstaklega var skoðaður verkferill sem tengist 35. grein barnaverndarlaga sem fjallar um ábendingar um stórlega ábótavant atferli manna sem starfa sinna vegna hafa samskipti við börn. Reynt var að komast að því hvort tilkynning um meintan brotaman hafi borist Barnavernd. Farið var yfir ráðningarferli starfsmanna á sólarhringsstofnunum. Þá var upplýsingamiðlun frá Ríkissaksóknara til Barnaverndarstofu og barnavernda víðs vegar um landið í samræmi við 36. gr. barnaverndarlaga skoðuð.

## RÁÐNINGARFERLI

Samkvæmt barnaverndarlögum er óheimilt að ráða til starfa einstakling sem hlotið hefur refsisdóm fyrir kynferðisbrot eða önnur refsibrot sem talin eru skipta máli í viðkomandi starfi. Áður en starfsmaður hefur störf er aflað heimildar til þess að fá upplýsingar úr sakaskrá. Verklag um upplýsingaöflun úr sakaskrá var sannreynt vegna ráðningar starfsmanna í Hraunbergi árið 2010. Nauðsynlegt er að afla upplýsinga úr sakaskrá með reglubundnum hætti en ekki einungis við upphaf ráðningar, þar sem aðstæður geta breyst og starfsmenn flust á milli starfsstaða sem eykur hættu á að lagaákvæði um sakavottorð varðandi tiltekin störf sé ekki framfylgt. Vista þarf upplýsingar úr sakaskrá með tryggilegum hætti á miðlægum stað ásamt öðrum gögnum er varða starfsmenn.

## RANNSÓKN Á TILKYNNINGU

Rannsókn hefur ekki leitt í ljós hvers vegna ekki var brugðist við tilkynningu um kynferðisbrotaman í starfi með ungmennum hjá Reykjavíkurborg. Tímasetning samtala er óljós og koma árin 2008 og 2009 til greina, en engar vísbendingar fundust um tilkynningu árið 2002. Vikulegar fundargerðir úthlutunarfunda árin 2008-2009 voru skoðaðar þar sem tilkynningar vegna nýrra mála eru teknar fyrir. Nöfn brotþola eða geranda komu ekki upp við þessa skoðun, né nein þau tilvik eða atburðalýsing sem lýst er í símtalinu. Að sögn tilkynnanda var aðeins greint frá nafni geranda. Ekki er hægt að taka mál til formlegrar könnunar ef tilkynnandi greinir ekki frá nafni. Tilkynnandi verður að segja til nafns en getur óskað nafnleyndar. Barnavernd flutti starfsemi sína að Borgartúni í júní 2008 og tók síðan þjónustuveri við símsvörun. Hnókrar fylgdu flutningum til að byrja með og í janúar 2009 var ákveðið að setja á sí mavakt sérfræðinga hjá Barnavernd til að taka á móti tilkynningum og leiðbeina um framhald máls.

---

**Úr 35. grein Barnaverndarlaga**

*Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli starfsmanns sé stórlega ábótavant skal nefndin hefja könnun máls.*

---

---

**Nafnlausar tilkynningar**

*Hver sá sem tilkynnir til barnaverndarnefndar skal segja á sér deili. Ef tilkynnandi fellur undir tilkynningaskyldu almennings getur hann óskað nafnleyndar.*

---

---

**Úr 36. grein Barnaverndarlaga**

*Barnaverndarstofa getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hættu er talin stafa af í umdæmi hennar.*

---

**Óvirk heimild**

---

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR:

Það er mat Innri endurskoðunar að framburður tilkynnanda sé trúverðugur og engin ástæða til að véfengja að simtölin hafi átt sér stað. Samkvæmt verklagi og lögum verður að skrá niður nafn tilkynnanda og nöfn barna ef þau eru kunn. Í þessu tilfelli var aðeins greint frá nafni geranda og börnin orðin fullorðin. Mistök hafa átt sér stað hjá viðtakendum samtala um að bregðast ekki við upplýsingum um að sakborningur var í vinnu hjá Reykjavíkurborg og starfaði með ungmennum, skrá niður nafn hans og tilkynna það til stjórnenda.

Verkferlar hjá Barnavernd og velferðarsviði um tilkynningar og ábendingar vegna barnaverndarmála eru í samræmi við lög og til þess fallnir að stuðla að faglegri afgreiðslu þeirra.

## BARNAVERNDARSTOFA

Samkvæmt 36. gr. barnaverndarlaga á Barnaverndarstofa rétt á upplýsingum úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsisdóm fyrir kynferðisbrot. Þessi upplýsingamiðlun frá Ríkissaksóknara er virk og regluleg. Hins vegar er óvirk heimild Barnaverndarstofu til að tilkynna barnaverndarnefndum ef dæmdur kynferðisbrotamaður býr í umdæmi þeirra eða flyst þangað. Ástæðan er sú að heimildir um að upplýsa Barnaverndarstofu um búsetu eða flutning dæmdra kynferðisbrotamanna skortir. Ekki eru heimildir til að fá upplýsingar um upphaf eða lok afplánunar en Barnaverndarstofa hefur talið nauðsynlegt að koma á fót virku eftirliti með dæmdum kynferðisafbrotamönnum þar sem áhættumat bendir til þess að viðkomandi sé líklegur til að brjóta af sér aftur. Slíkt áhættumat er ekki fyrir hendi.



Hallur Simonarson,  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar